

f. h. bæjarsjóðs, 200 kr. í málskostnað, að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða úrskurðar hljóða svo:

Með því að Sameignarfélagið Baugur hefir eigi fengizt til að greiða útsvar það, að upphæð kr. 5800,00, er félaginu var gert að greiða árið 1932 til bæjarsjóðs Reykjavíkur, hefir bæjargjaldkeri Reykjavíkur krafizt lögtaks á útsvari þessu, en gerðarþoli hefir mótmælt því að lögtakið næði fram að ganga og hefir ágreiningurinn verið lagður undir úrskurð fúgetaréttarins.

Umboðsmaður gerðarþola hefir byggt neitun sína um greiðslu útsvarsins á því, að félagið hafi aldrei rekið hér atvinnu og sé því eigi útsvarsskylt samkvæmt 6. gr. A. II, 2 b laga nr. 46, frá 1926.

Gerðarbeiðandi hefir aftur á móti haldið því fram, að félagið hafi átt hér eignir sem hafi gefið arð og sé því útsvarsskylt samkvæmt 6. gr. A. II, 1. lið fyrrnefndra útsvarslaga.

Samkvæmt tekju- og eignarskattsframtali félagsins fyrir árið 1932, hefir félagið haft í tekjur á árinu kr. 2504,22.

Fúgetarétturinn verður nú að líta svo á, að félagið sé útsvarsskylt samkvæmt 6. gr. A. II, 1. lið og er þá ekki unnt að taka hin framkomnu mótmæli til greina.

Mánudaginn 20. nóv. 1933.

Nr. 79/1933. H/f „Titan“ (Eggert Claessen)
gegn

**bæjargjaldkera Reykjavíkur, f. h.
bæjarsjóðs** (Garðar Þorsteinsson).

Útsvarsskylda hlutafélags samkv. 6. gr. A, II, 1 útsvarsl. 46, 15. júní 1926.

Úrskurður fúgetaréttar Reykjavíkur 20. júlí 1933: Hin framkomnu mótmæli verða ekki tekin til greina.

Dómur hæstaréttar.

Við niðurjöfnun útsvara í Reykjavík 1932 var h/f „Titan“ gert að greiða 1800 kr. útsvar til Reykjavíkur. Hlutfélagið neitaði að greiða útsvarið og krafðist því bæjargjaldkeri Reykjavíkur f. h. bæjarsjóðs, að það yrði tekið lögtaki, og gekk um þetta úrskurður í fógetarétti Reykjavíkur 20. júlí þ. á., á þá leið, að mótmæli félagsins gegn lögtakinu yrðu ekki tekin til greina. Úrskurði þessum hefir h/f „Titan“ skotið til hæstaréttar með stefnu, dags. 22. ágúst þ. á., og hefir krafizt, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi, framkomin mótmæli gegn lögtakinu tekin til greina, og að stefndi verði dæmdur til að greiða málskostnað í hæstarétti eftir mati réttarins. Stefndi, bæjargjaldkeri Reykjavíkur, f. h. bæjarsjóðs, hefir hinsvegar krafizt staðfestingar á fógetaréttarúrskurðinum og málskostnaðar í hæstarétti.

Samkvæmt því sem upplýst er í málinu var h/f „Titan“ stofnað 1918 með heimili í Reykjavík í þeim tilgangi, að byggja út fossa hér á landi, reisa aflstöðvar við fossana og nytfera sér vatnsaflíð með verksmiðjuíðnaði. Keypti félagið í þessum tilgangi vatnsafl í Þjórsá og ennfremur landsvæði í Skildinganesi við Skerjafjörð, þar sem áformað var að byggja verksmiðjurnar, og átti að leiða aflið þangað með rafmagnstaugum frá aflstöðvunum. En ekkert varð úr þessum framkvæmdum. Félaginu var þó ekki slitið og hefir það smám saman verið að selja eignir sínar. Samkvæmt skattaframtali hlutfélagsins árið 1932 var skuldlaus eign þess í árslok 1931 kr. 41,837,60, og það ár, eða útsvarsárið, hafði það kr. 708,77 nettótekjur af eignum sínum, og með því nú að telja verður félagið samkvæmt tilgangi þess

og starfsemi atvinnufyrirtæki, þá verður eigi litið svo á, að undantekningarákvæðið í 6. gr. A. II b. í lögum nr. 46, 15. júní 1926, um útsvör, nái til þess, og er félagið því útsvarsskylt samkv. sömu grein A. II. 1.

Að þessu athuguðu, og þar sem útsvarsupphæðin getur ekki komið til álita hér fyrir réttinum, verður að staðfesta hinn áfrýjaða fógetaréttarúrskurð.

Eftir þessum úrslitum verður áfrýjandi að greiða stefnda málskostnað fyrir hæstarétti, er ákveðst 200 kr.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða fógetaréttarúrskurði skal ó-raskað. Áfrýjandi, h/f „Titan“, greiði stefnda, bæjargjaldkera Reykjavíkur, f. h. bæjarsjóðs, 200 kr. í málskostnað fyrir hæstarétti, að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða úrskurðar hljóða svo:

Með því að fossafélagið Titan h/f. hefir eigi fengizt til að greiða útsvar það að upphæð kr. 1800,00, er félaginu var gert að greiða til bæjarsjóðs Reykjavíkur árið 1932, hefir bæjargjaldkeri Reykjavíkur krafizt lögtaks á útsvari þessu, en gerðarþoli hefir mótmælt því að lögtakið næði fram að ganga og hefir ágreiningurinn verið lagður undir úrskurð fógetaréttarins.

Umboðsmaður gerðarþola byggir neitun sína um greiðslu útsvarsins á því, að félagið hafi aðeins rekið hér atvinnu og sé því eigi útsvarsskylt samkvæmt 6. gr. A II, 2 b laga nr. 46 frá 1926.

Gerðarbeiðandi hefir aftur á móti haldið því fram, að félagið hafi átt hér eignir sem hafi gefið arð og sé því útsvarsskylt samkvæmt 6. gr. A II, 1. lið fyrrnefndra útsvarslaga.

Samkvæmt tekju- og eignaskattsframtali félagsins fyrir árið 1932 hefir félagið haft í tekjur á árinu kr. 1626,51.

Fógetarétturinn verður nú að lita svo á, að félagið sé útsvarsskylt samkvæmt 6. gr. A. II, 1. lið laga nr. 46 frá 1926, og er þá ekki unnt að taka hin framkomnu mótmæli til greina.

Mánudaginn 20. nóv. 1933.

Nr. 91/1933. **Valdstjórnin** (Jón Ásbjörnsson)

gegn

Oddsteini Friðrikssyni

(Bjarni Þ. Johnson)

Sýknun af kæru um ölvun.

Dómur lögregluréttar Vestmannaeyja 24. marz 1933: Kærður, Oddsteinn Friðriksson, greiði 50 króna sekt til ríkissjóðs og komi 5 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 30 sólarhringa frá lögbirtingu dóms þessa.

Svo greiði kærður og allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns í málinu, B. P. Kalman, hrm., 40 krónur.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Kærði, Oddsteinn Friðriksson, er í máli þessu sakaður um að hafa verið ölvaður á opinberri danssamkomu í Alþýðuhúsinu í Vestmannaeyjum hinn 26. dez. f. á. Hefir lögregluþjónn, er þar var staddur, borið það fyrir réttinum, að hann hafi séð kærða kl. 12 um nóttina uppi á lofti í húsinu mikið drukkinn, hafi það sést af andlitsútliti hans og augum, og hafi kærði verið hávaðasamur og með „drykkjuröfl“, en hann hafi hætt því, er lögregluþjóninn hafi borið þar að og eftir það hafi hann verið rólegur svo ekki hafi þurft að fara með hann burt úr samkomuhúsinu. Annað vitni, tollgæzlu-